

Hún er amma mín

Intro: Em – D – D – Em (4 slög hver hljómur)

Tónholt


Em D
Ömmur segja börnunum sögur lon og don
Em
en mín segist elska Harley Davidson.
D
Á fægðu mótörhjóli flengist út á veg
Em D Em
og flestir eru að segja að hún sé ekki ömmuleg.

D
En hún er amma mín!
Em
hún er amma mín!
D
hún er amma mín!
Em
hún er amma mín!


Em D
Gamlir kallar fjasa um fiskerí og slor
Em
en afi fékk splunkunýtt trommusett í vor.
D
hann smíðaði sér gítar úr smurolútrekt
Em D Em
og smáu börnin segja að það sé ekki afalegt.
D
En hann er afi minn!
Em
hann er afi minn!
D
hann er afi minn!
Em
hann er afi minn!

Ef mamma er inni í eldhúsi, alveg gæti skeð
Ef erum við í fótbolta hún vilji spila með
Hún hleypur út á völl og hrópar „gef´ann hér er ég”
En hin börnin segja að hún sé ekki mömmuleg
En hún er mamma mín ... x 4

Pabbar fara á sjóinn eða sýsla úti skúr
Sjálfur ætlar minn að byggja fiskabúr
Og kafa þegar hann hefur kjallaranum drekkt
En krökkunum þeim finnst það ekki vera pabbalegt
En hann er pabbi minn ... x 4



E moll



D dúr